

30

12. febr.

L Ö G

um heimild fyrir Ólafsfjarðarkaupstað til að taka eignarnámi lóðarréttindi nálægt landamerkjum Brimness og Hornbrekku.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ólafsfjarðarkaupstað heimilast að taka eignarnámi leigulóðarréttindi að landspildu, sem er 60 faðmar á lengd í norður og suður, 20 föðmum norðan en landamerki eru milli Brimness og Hornbrekku, og 20 faðma á breidd austur frá sjávarmáli, samkvæmt leigusamningi, dags. 11. júlí 1896, og viðbótarsamningi, dags. 1. júní 1922, við Gudmanns Efterfólgers verzlun á Akureyri, og skal eignarnámið taka til mannvirkja þeirra, sem á lóðinni eru, nema eigendur þeirra kjósi að flytja þau af lóðinni.

2. gr.

Um framkvæmd eignarnáms samkv. heimild í 1. gr. fer eftir lögum nr. 61 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. febrúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.

31

12. febr.

L Ö G

um stofnun dósentsembættis í guðfræðideild Háskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þar til stofnsett verður sérstök undirbúningsdeild fyrir prestaefni (Pastoral Seminarium), skulu vera tvö dósentsembætti við guðfræðideild Háskóla Íslands, enda verði séra Björn Magnússon prófastur að Borg skipaður í annað þeirra.

2. gr.

Jafnframt skal auka kennslu í deildinni í trúarbragðasögu, kirkjurétti og sál-gæzlu. Guðfræðideildin skiptir verkum milli kennaranna eftir því, sem hagkvæmast þykir.

Gjört í Reykjavík, 12. febrúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Brynjólfur Bjarnason.